

## HPE-2017-17 Orkuskipti í samgöngum

Umsækjandi er Vistorka og verkefnisstjóri er Guðmundur Haukur Sigurðarson. Markmið verkefnisins er að teikna upp vegvísi fyrir jarðefnaeldsneytisláusa Hrísey þar sem áberandi umhverfisverkefni nýtist einnig sem segull fyrir ferðamenn. Kortlagðir verða valkostir fyrir orkuskipti á samgöngum til og frá sem og í Hrísey. Einnig verður flokkun og endurvinnsla lausnir straumlínulagaðar og gerðar sýnilegri gagnvart ferðamönnum. Afraksturinn verður vegvísir þar sem markmið og aðgerðir eru settar upp í tímalínu og kostnaðargreindar. Ætlunin er að nýta m.a. skýrsluna sem vinnuþlagg bæjaryfirvalda í samningum við ríkið um aðkomu og framlag þess að markmiðum bæjarins um kolefnishlutlaust samfélag.

Verkefnið felur mjög vel að áherslum Byggðaðróunarverkefnisins og þeirri framtíðarsýn sem sett er fram þar.

Verkefninu var úthlutað 500.000 kr.- í seinni úthlutun ársins 2017.